

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps nr. 461/2000.

1. gr.

51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum og hafa frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á því sviði.
 2. *Búfjárefirlitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
 3. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í undirkjörstjórn. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir.
 4. *Skodunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar.
 5. *Skólanefnd grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
 6. *Stjórn bókasafns og félagsheimilisins Skjólbrekku.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 7. *Stjórn veitustofnana.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Sjá lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, reglugerð nr. 421/1992, orkulög nr. 58/1967 og reglugerðir settar á grundvelli þeirra.
 8. *Æskulýðs- og íþróttanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í æskulýðs-, íþrótt- og umhverfismálum og hefur frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á þeim vettvangi. Nefndinni ber að hafa eftirlit með íþróttamannvirkjum þar sem það á við og hún skal eiga samstarf við aðrar nefndir, svo sem skólanefnd, um þau viðfangsefni sem sameiginleg geta talist.
 9. *Umhverfisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis um umhverfismál og hefur frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar um þau efni.
 10. *Landbúnaðarnefnd/fjallskilastjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 87/1997, sbr. samþykkt sveitarstjórnar nr. 169/1996.
 11. *Jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Sveitarstjórnir skulu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa 3–5 manna jafnréttisnefndir sem hafi með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Skulu nefndirnar hafa umsagnarrétt um eða umsjón

með gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna til fjögurra ára sem lagðar skulu fram eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

B. Nefnda- og fulltrúaskipun samkvæmt sérstökum samningum á vettvangi héraðsnefndar Þingeyinga eða við einstök sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga:

1. *Aðalfundur Eypings*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
2. *Héraðsnefnd Þingeyinga*. Einn aðalmaður og einn til vara.
3. *Aðalfundur Hvamms, dvalarheimilis aldraðra*. Einn aðalmaður og einn til vara.
4. *Bygginganefnd*. Einn aðalmaður og einn til vara.
5. *Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga*. Einn aðalmaður og einn til vara.
6. *Aðalfundur Sorpsamlags Þingeyinga*. Einn aðalmaður og einn til vara.
7. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneyti, 22. júlí 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.